

Rafpósturinn

43. árg.

1552. tbl.

15.10. 2009

Mang og stærðardreifing rækju (*Pandalus borealis*) 0-8m við sjávarbotn

Áhrif á stofnmælingu og sýnatöku með botnvörpu

Ritstjóri Rafpóstsins kynnti fyrir Rótaryfélögum lokaverkefni í námi til Sjávarútvegsfræðings við Háskólann í Tromsö 1993.

Verkefnið sem var rannsóknarverkefni í veiðarfæratækin og líffræði var lokaáfangi í námi ritstjóra við sjávarútvegsdeild Háskólans í Tromsö. Ritstjóri byrjaði haustið 1986 við skólann og hóf undirbúning undir rannsóknir vegna lokaáfanga námsins seinni hluta vetrar 1990. Rannsóknarhluti verkefnisins byggði m.a. á gögnum sem aflað var í þremur leiðöngrum, við Svalbarða í ágúst 1990 og í Lyngenfirði skammt frá Tromsö í október 1990 og svo aftur í mars 1991. Úrvinnslu gagna og ritsmíð var lokið í byrjun árs 1993.



Um borð í Johan Ruud, rannsóknarskipi Háskólans í Tromsö, í október 1990. "Rammatrollið" tekið um borð. Til vinstri á myndinn eru tveir ónefndir hásetar á Johan Ruud, en lengst til hægri stendur Jón Einar Marteinnsson skólabróðir ritstjóra og aðstoðarmaður í þessari rannsóknarferð. (Mynd, Jóel Kristjánsson)

Skipta má viðfangefni verkefnisins í þrennt. Í fyrsta lagi að þróa óhefðbundnar og betri aðferðir til stofnmælinga og sýnatöku. Í öðru lagi að meta áreiðanleika

botnvörpunnar sem sýnatökutæki og veiðarfæris við stofnstærðarmat og í þriðja lagi að kortleggja veiðigetu botnvörpunnar þ.e. að tölusetja áhrif á mælingar og sýnatöku sem rekja má til þess að trollopið breytir lögun sinni og afstöðu miðað við botn.

Ritstjóri fór yfir líffræði kaldsjávarrækju, undirbúning rannsókna, aðferðarfræði og helstu niðurstöður rannsókna sinna, en niðurstöður verkefnisins sýndu að:

- Áreiðanleiki botnvörpu til að meta útbreiðslu, magn og aldursdreifingu rækju, er ekki til að treysta á.
- Aðferðarfræðin við stofnstærðarmælingu og sýnatöku með botnvörpu hefur augljósa stóra galla – suma er hægt að draga úr.
- Dægursveiflan í veiðanleika mismunandi aldurhópa rækju við botn hefur síst minni áhrif á sýnatökuna en breytileg og takmörkuð veiðigeta botnvörpunnar.

Fram kom að lokum að verkefnið hafði mikið hagnýtt gildi fyrir rækjuveiðar, en upphaf rækjuveiða með tveimur trollum (3 togvírar) á rækjuslóðum í Norður - Atlantshafi er er að rekja til þessara rannsókna.

Jóel Kristjánsson
Ritstjóri